

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/97****2016/EES/57/42****frá 17. október 2014****um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 918/2012 að því er varðar tilkynningu
um mikilvægar hreinar skortstöður í ríkisskuldum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 13. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 ⁽²⁾ tilgreina, samkvæmt heimildinni sem kveðið er á um í c-lið 7. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012, aðferðina við að reikna út stöður fyrir lögaðila innan samstæðu sem eiga gnótt- eða skortstöður í tengslum við tiltekinn útgefanda. Í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 918/2012 er kveðið á um aðferðina við að reikna út stöður, bæði að því er varðar útgefið hlutafé og útgefnar ríkisskuldur. Ákvæði 3. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 918/2012 vísar þó sem stendur aðeins til tilkynningarmarkanna í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um mikilvægar hreinar skortstöður í hlutabréfum, þrátt fyrir að þau ættu einnig að vísa til tilkynningarmarkanna í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um mikilvægar hreinar skortstöður í ríkisskuldum.
- 2) Til að forðast réttaróvissu ber að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) nr. 918/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 3. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 918/2012 komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar:

„3. Ef hrein skortstaða nær eða fer yfir tilkynningarmörkin í samræmi við 5. og 7. gr. eða birtingarmörkin í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 skal lögaðili innan samstæðunnar gefa skýrslu og birta upplýsingar í samræmi við 5. til 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um hreina skortstöðu í tilteknum útgefanda, reiknuð út skv. 1. mgr., að því tilskildu að engin hrein skortstaða á samstæðustigi, reiknuð út skv. 2. mgr., nái eða fari yfir tilkynningar- eða birtingarmörkin.“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 16, 23.1.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar

(1) Stjtið. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 frá 5. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga að því er varðar skilgreiningar, útreikninga á hreinum skortstöðum, varðar skuldatryggingar á ríki, tilkynningarmörk, seljanleikamörk vegna tímabundinna niðurfellinga, marktæka lækkan á virði fjármálagerninga og óhagstæða atburði (Stjtið. ESB L 274, 9.10.2012, bls. 1).